

NORÐURLANDASAGA

(*Verfall und Wiederaufrichtung der Germanen*)

I

Í blaði sem norskur vinur minn sendir mér, segir hinn nafnkenndi sagnfræðingur, próf. Alex. Bugge, að sá maður mundi vinna þarft verk, sem gæti sýnt fram á, vegna hvers Norðmenn og aðrar Norðurlandþjóðir, eru svo miklu fámennari og fátækari miðað við aðrar þjóðir í Evrópu, nú en fyrir 1000 árum: Den som klart kunde vise grundene til, at vi nordmend — og de andre nordiske folk — er saa meget mindre baade i folketal og rigdom i forhold til andre nationer i Evropa, nu end for tusend aar siden, vilde gøre en nyttig gerning. (Aftenposten, Kria 19. febr. 1921).

Það er vissulega ekki ofsagt, að það væri þarfaverk að sýna fram á orsakirnar til þess, að Norðurlandþjóðum hefir hnignað þannig. Og þetta má vel gera, því að það er í aðalatriðum alveg ljóst, hvernig á hnignuninni stendur. Efni hefi ég hér í miklu lengri ritgerð en ástæða er til að láta Nýal flytja; en reyna ætla ég, hvort ekki verður í stuttu máli, sagt það sem mest ríður á að skilja.

II

Hnignun Norðurlanda er einn þátturinn í þessum allsherjar ósigri fylkingarbrjóstsins í framsókn mannkynsins, sem áður hafði komið fram í niðurfalli persneskrar, grískrar og rómverskrar menningar. Allstaðar strandaði á því, að ekki varð vaxið fram úr þessari andlegu bernsku, sem trúarbrögðin tákna — og mótspyrnan gegn þeim — og náð þeim þroska sem þurfti til að fá þekkingarsamband við lengra komna frændur á öðrum stjörnum. Allstaðar visnaði niður mannfélagstilraunin, af þeirri orsök, að ekki tókst að vitk-

ast. Sá sem öllum öðrum fremur hafði fylgi lýðsins, var hinn duglegi ræningi og manndrápari, og hann varð foringi þjóðfélagsins, en þeir allir urðu magnaðastir, sem mestan hug og mest lag höfðu á að gera sér auð af ástæðunum, sem fyrir lágu. En það starf, sem minnstan byr hafði í þjóðfélaginu, var viðleitnin á að átta sig á tilverunni. Vitringurinn og vitkarinn var sá maður, sem minnst fylgi hafði, og því meiri vitringur sem var, því færri voru vinirnir. Af þessum sökum varð mannfélagið eins og heilalaust, eða það sem í mannfélaginu hefði átt að svara til heilans í líkama, ófullkomið mjög, og samstilling einingjanna sín á milli, og samband þeirra við þessa fullkomnari frændur, sem þeir kölluðu guði, komst aldrei á það stig, sem nauðsynlegt er til varanlegs viðgangs.

III

Þetta er sú undirstaða, sem hafa verður í huga, ef skilja skal. Sú manntegund, sem þjóðunum var ómissandi til andlegrar forustu, náði ekki að magnast. En Noregs saga, sem Íslendingar hafa ritað af svo aðdánlegri snilld, sýnir vel, hverjir það voru sem mögnuðust, og hverjar afleiðingar sú magnan hafði fyrir þjóðfélagið.

Hnignun Noregs hefst með Haraldi hárfagra, sem drap niður stórmennið norska, máttarstoðir norskrar menningar, og flæmdi úr landi. Og Noregskonungar héldu áfram þessari ævistefnu ættföður síns, að eyða stórmenninu, og létu sér ekki að kenningu verða þá merkilegu bendingu, að sá af sonum Haralds, sem honum var kærstur, drap niður bræður sína. Stórvirkastir spellvirkjar af niðjum Haralds, voru þeir postulakonungarnir, Ólafur Tryggvason og Ólafur helgi, sem með kristnina komu til Noregs. Alkunnugt er, hvernig kristnin var boðuð. Menn voru bundnir í flæðiskeri, hrundið fyrir björg, brenndir með glóandi málm, hendur og fætur höggvið af, augu stungin út. Var Ólafur Tryggvason grimmiari miklu þeirra nafna, þó að hinn væri vissulega heldur ekki neitt góðmenni.

Náttúrlega voru það bestu bændurnir í sveitunum, sem

helst sættu þessari hryllilegu meðferð, og það þarf ekki að efa, að æðimikið mun hafa dofnað yfir dölunum norsku, við þessar aðfarir þeirra postulakonunganna. Og eigi einungis var hinum nýja sið rutt þannig til rúms að til hnignunar horfði, heldur þýddi sjálf kristnitakan það, að Norðmenn gengu undir andleg yfirráð annarrar fólkættar. Ólafur helgi setti presta þykkt niður í sveitirnar, segir sagan, og upp frá því var til í landinu fjölmenn og mikilsmetin stétt, sem lagði hið mesta kapp á að koma því inn hjá öllum lýð, að Gyðingapjóðin væri miklu merkilegri en Norðmenn og allar þjóðir aðrar. Og auðvitað hlaut þetta að miða mjög til hnignunar fyrir norrænt mál og þjóðerni.

IV

Hversu andvíg kirkjan var þjóðerninu, má marka nokkuð af athæfi Lúðvíks hins trúrækna. Karl mikli, faðir hans, hafði látið safna fornþýskum sögnum og kvæðum, en Lúðvík lét eyðileggja þetta safn. Slíkt hugarfar miðaði vitanlega mjög til að spilla máli forfeðranna, en þó mun það, á Norðurlöndum, hafa verið annað meir en kirkjan, sem olli því að hið forna mál gleymdist og glataðist. Verslunin var það, sem eyðilagði málið mest, eftir að kirkjan þó hafði veikt það sem átti að vera til varnar. Verslunin var langarðsamasti atvinnuvegurinn, og útlendingar áttu auðveldara aðstöðu til að stunda þann atvinnuveg en innlendir menn. Útlendingar settust að í borgunum og urðu þar auðugastir og mestmetnir, og þessir útlendu menn voru mjög oft Gyðingar. Í borgunum kom upp auðug stétt af útlendingum og útlendinganiðjum, og þessir menn urðu það, sem ásamt kirkjunnar mönnum, sköpuðu hugsunarháttinn, og ollu því mest, að málið tapaðist, og norska þjóðin slitnaði svona undarlega frá norrænni fortíð. Og svipaður þessu var gangurinn um öll Norðurlönd. Það væri mikið efni í ritgerðir, að sýna fram á, hve mjög mikið af nútímamálsvenjum á Norðurlöndum, er beint málvillur, þegar miðað er við hið forna mál, og hvernig þetta má rekja til útlendinga og útlendinganiðja, sem mest metnir menn voru í landinu.

V

Norðurlandabúar eru fylkingarbrjóst mannkynsins alls, og það verður eigi til sigurs barist á jörðu hér, ef eigi tekst að rétta við sóknina þar. En eigi getur það orðið, nema norrænn hugsunarháttur verði aftur ráðandi á Norðurlöndum. Menn verða að læra að leggja rækt við hið forna mál, og vita og meta eins og vert er, að forntunga Norðurlanda er ennþá lifandi á Íslandi. En á það vantar, að menn viti það eins og þarf. Í Dagblaðinu norska, 20. maí 1921, er grein um Íslending, sem lesið hafði upp í Noregi, náttúrlega á dönsku, og þar standa þessi afareftirtektarverðu orð: „Ved siden af finsk-svensk er vel dansk-islandsk det styggeste sprog i Evropa.“

Finsk-svensk er sænska, eins og Finnar þeir sem eru af sænskum ættum, tala hana, og er því svo að sjá, sem blaðamaðurinn hafi haldið, að mál Íslendinga sé danska, dálítið frábrugðin að framburði heimamálinu, eins og danska sú sem Norðmenn tala og kalla riks-maal!

Hið undarlega og skaðlega ræktarleysi Norðmanna gagnvart forntungunni á Íslandi, verður skiljanlegt ef vér gætum að kenningum P. A. Munchs, hins fræga sagnfræðings, sem svo mikil áhrif hefir haft á norska menningu. Det vil blive enhver Sproggransker klart — segir Munch, Saml. Afh. I, s. 363 — at Eddaernes, Sagaernes, Kongespeilets, Diplomernes og de gamle Homiliers Sprog, hverken er Oldnordisk eller Islandsk, men Norsk.

Munch heldur því þannig fram, að Snorri Sturluson hafi ekki skrifað íslensku!

Orðið vita, segir M. sé í Naumudal orðið að vata, og skyldu menn ætla, að dýpra yrði ekki sokkið í meðferð á því orði. En þó er ekki svo. Í Orkadal segja þeir vaataa (voto!). Saml. Afh. I, 3. 361. — Það er ekki von að vel fari, þegar vitið fer svona. En hafandi slíkt í huga, segir hinn frægi, norskí fræðimaður (s. 360): „at den ældgamle, mere end tusindaarige Norronatunge endnu kraftigen lever og rorer sig hos Folket, med en egte, oprindeligen Klang, som man endog paa Island forgjeves søger.“

Þetta eru býsna eftirtektarverð orð, og munu eiga drjúgan þátt í því hryggilega sambandsleysi, sem verið hefir milli Noregs og Íslands, báðum þjóðunum til mikils skaða.

Vér Íslendingar verðum að vinna að því samhuga, að hin lifandi forntunga verði meira metin á Norðurlöndum en nú er, og að það verði talið sjálfsagt, að hver menntaður maður geti lesið Norðurlandasögu Snorra. Og að vísu mun það verða auðsótt, þegar sannleikurinn sigrar, og tekið verður upp af skynsamlegu viti, sambandið við þessar ágætu verur, sem forfeður vorir kölluðu Æsi.